

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps vegna ferðamannaáðstöðu í Víkraborgum í Öskju.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 19. september 2016 breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, sem samþykkt var í sveitarstjórn Skútustaðahrepps 29. júní 2016.

Í breytingunni felst að bætt er inn nýjum kafla, 4.18 Afþreyingar- og ferðamannasvæði, og sett inn ákvæði um 1 ha svæði 504-AF á kostnað óbyggðs svæðis, sem sýnt er með hringtáknri á skipulagsuppdrætti. Um er að ræða „þjónustusvæði“ skv. áætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, þar sem gert er ráð fyrir viðveruhúsi fyrir landvörslu og daggesti auk salernishúss við bílastæðið. Byggingarmagn allt að 30 m².

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 19. september 2016.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 3. október 2016